

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 9. júní 2023.

Mál nr. 499/2021:

Íslenskir aðalverktakar hf.

(Halldór Brynjar Halldórsson lögmaður)

gegn

Ernst & Young ehf. og

Rögnvaldi Dofra Péturssyni

(Grétar Dór Sigurðsson lögmaður)

Lykilorð

Hlutafélag. Hlutafé. Greiðsla. Endurskoðandi. Sérfræðiábyrgð. Skaðabætur.

Útdráttur

Í hf. höfðaði mál á hendur E ehf. og R og krafðist viðurkenningar á skaðabótaskyldu þeirra á tjóni Í hf. sem orðið hafi vegna ákvörðunar hans um að halda áfram vinnu við byggingu kísilverksmiðju í Helguvík fyrir S hf. Kvað hann þá ákvörðun meðal annars hafa byggst á upplýsingum um eigið fé S hf. í ársreikningi félagsins vegna ársins 2014 sem R hafði endurskoðað og áritað án fyrirvara. Byggði Í hf. á því að sá ársreikningur hafi ekki gefið rétta mynd af stöðu félagsins vegna yfirsjórnar R. Nánar tiltekið var á því byggt að eigið fé S hf. hafi verið ofmetið í ársreikningnum þar sem ekkert raunverulegt endurgjald hefði komið fyrir tvær hlutafjárhækkunar í S9 ehf. sem síðar rann saman við S hf. R hafði með tilkynningu til ríkisskattstjóra árið 2014 staðfest að eigandi S9 ehf. hefði greitt hlutafjárhækkunirnar annars vegar með skuldajöfnuði og hins vegar með peningum. Í hf. taldi í fyrsta lagi að R hefði borið að gæta að því áður en hann staðfesti greiðslurnar hvað yrði um þá fjármuni sem hækkuðu hlutafé S9 ehf. Í vinnu sinni hefði R meðal annars stuðst við bankareikningsyfirlit sem hafi borið með sér að fjármuninum hefði þegar í stað verið ráðstafað til félagsins P B.V. Þær fjármunafærslur hafi verið tilefnislausar og ekki skilað S9 ehf. neinum verðmætum. Landsréttur taldi framlögð gögn styðja þá ályktun að útgáfa þeirra reikninga P B.V sem lágu til grundvallar fjármunafærslunum hafi ekki tengst kaupum á þjónustu í þágu S9 ehf. og því mætti með réttu efast um að heimild hafi staðið til þess að færa greiðslu þeirra sem stofnkostnað sem unnt hafi verið að eignfæra sem óefnislega eign í reikningum félagsins. Aftur á móti var talið ósannað að R hefði vitað eða mátt vita að annað lægi að baki útgáfu reikninganna en að þeir væru vegna vinnu við hönnun á ofni fyrir kísilverksmiðju í Helguvík eins og þeir báru með sér og samkvæmt því talið ósannað að R hefði sýnt af sér saknæma háttsemi þegar hann staðfesti að umræddar hlutafjárhækkunar í S9 ehf. hefðu verið greiddar. Í hf. byggði í öðru lagi á því að R hefði sýnt af sér saknæma háttsemi með því að staðfesta með áritun sinni í samrunaefnahagsreikningi S hf. rangar upplýsingar um óefnislegar eignir, þar sem fyrrnefndar greiðslur til P B.V. hefðu ekki heimilað

slíka færslu í reikningsskilum félagsins. Í dómi Landsréttar kom fram áritun R sem fylgdi samrunaefnahagsreikningum bæri ekki með sér að hann hefði endurskoðað árshlutareikninga félaganna í tilefni af samrunanum heldur eingöngu að hinn sameiginlegi efnahagsreikningur byggðist á þeim reikningum. Var ekki talið að R hefði sýnt af sér saknæma háttsemi með því athafnaleyssi að gera ekki stjórnnum samrunafélaganna viðvart um lagaskyldu þeirra samkvæmt 2. mgr. 121. gr. laga nr. 2/1995 og 2. mgr. 96. gr. laga nr. 138/1994 til að annast um að hinn sameiginlegi efnahagsreikningur yrði endurskoðaður. Þar sem ósannað væri að R hefði vitað eða mátt vita að annað lægi að baki útgáfu reikninga P B.V. en þeir báru með sér, var talið að R hefði ekki haft ástæðu til að efast um réttmæti þess að eignfæra þau útgjöld sem stofnkostnað sem gat stuðlað að líklegum framtíðarávinningi S 9 ehf. og síðar S hf. Var því hafnað þeirri málsástæðu Í hf. er laut að áritun R á samrunaefnahagsreikninginn. Í þriðja lagi taldi Í hf. að R hefði sýnt af sér saknæma háttsemi með því að árita ársreikning S hf. vegna ársins 2014 án fyrirvara. Landsréttur benti á að bókhaldsgögn S9 ehf. hefðu ekki borið annað með sér en að þar hefði verið stofnað til tilgreinds kostnaðar við hönnun á ofni fyrir kísilverksmiðjuna. Ekki lægi fyrir að viðunandi endurskoðun í samræmi lög, reikningsskilareglur og endurskoðunarstaðla hefði átt að leiða í ljós að sá kostnaður hafi verið rangfærður. Var þessari málsástæðu Í hf. því einnig hafnað. Með vísan til alls framangreinds var staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sýknu E ehf. og R af kröfum Í hf.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramarnir Arnfríður Einarsdóttir og Ásmundur Helgason, auk Eymundar Sveins Einarssonar, löggilts endurskoðanda.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 23. júlí 2021. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 2021 í málinu nr. E-4135/2019.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að viðurkennd verði óskipt skaðabótaskylda stefndu á því tjóni áfrýjanda af verksamningi áfrýjanda við félagið Sameinað Sílikon hf. sem varð af völdum þess að endurskoðaður ársreikningur Sameinaðs Sílikons hf. vegna ársins 2014 gaf ekki rétta mynd af stöðu félagsins. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.

Málsatvik, ágreiningsefni og sönnunarfærsla

- 4 Málavöxtum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram gerði áfrýjandi verksamning við Sameinað Sílikon hf. 11. júlí 2014 um byggingu kísilverksmiðju í Helguvík. Ágreiningur reis milli þeirra um greiðslu verklauna á

grundvelli samningsins og var deilan lögð í gerð. Með gerðardómi 24. júlí 2017 var komist að þeirri niðurstöðu að Sameinuðu Sílikoni hf. bæri að greiða áfrýjanda 1.113.657.533 krónur.

- 5 Sameinuðu Sílikoni hf. mun hafa verið veitt heimild til greiðslustöðvunar 14. ágúst 2017 og var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta 22. janúar 2018. Áfrýjandi lýsti kröfu að fjárhæð 1.353.763.117 krónur í búið. Hann kveður augljóst að hann muni ekki fá þá kröfu greidda að fullu.
- 6 Stefndu önnuðust endurskoðun reikninga Sameinaðs Sílikons hf. meðan félagið var í rekstri. Stefndi Rögnvaldur Dofri áritaði ársreikning félagsins vegna ársins 2014 án fyrirvara í júlí 2015. Krafa áfrýjanda um að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu byggir í stuttu máli á því að framangreindur ársreikningur hafi, sökum yfirsjórnar stefndu, ekki gefið rétta mynd af stöðu Sameinaðs Sílikons hf., þannig að eigið fé félagsins hafi verið ofmetið. Kveðst áfrýjandi hafa byggt ákvörðun sína um að halda áfram vinnu við byggingu kísilverksmiðjunnar á þeim upplýsingum í framangreindum ársreikningi. Þá ákvörðun hefði hann ekki tekið hefðu upplýsingar um eigið fé félagsins í ársreikningnum verið réttar.
- 7 Einkahlutafélagið Stakksbraut 9 vann að undirbúningi að byggingu kísilverksmiðjunnar hér á landi. Eigandi þess félags var hollenska félagið USI Holding B.V. sem var í eigu íslenskra og danskra fjárfesta, þar á meðal Magnúsar Garðarssonar. Stjórnarformaður félagsins var skráður Joseph Patrick Dignam. Með umboði 2. október 2013 veitti hann Magnúsi Garðarssyni umboð til þess að koma fram fyrir sína hönd í öllu því sem viðkom starfsemi Stakksbrautar 9 ehf. Magnús Garðarsson undirritaði ýmsa gerninga sem koma við sögu í málinu í krafti þess umboðs.
- 8 Með tilkynningu til ríkisskattstjóra 16. september 2013 var stefndi Ernst & Young ehf. skráður endurskoðunarfyritæki Stakksbrautar 9 ehf. Samkvæmt samningi 10. apríl 2014 fólst vinna hins stefnda félags í því að veita faglega aðstoð við að útbúa og leggja fram ársreikning Stakksbrautar 9 ehf. fyrir árið 2013. Fram kom í samningnum að verkefnið væri ekki staðfestingarverkefni og fæli það ekki í sér að afla gagna sem annars þyrfti við endurskoðun eða könnun. Þá yrði ekki veitt álit, byggt á endurskoðun eða könnun, á því hvort ársreikningurinn væri gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Yrði þjónusta stefnda veitt í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, en hann legði þær skyldur á stefnda að hlíta viðeigandi ákvæðum siðareglna. Aftur á móti væri vinnan ekki skipulögð með það fyrir augum að leiða í ljós sviksamlegt athæfi, villur eða lögbrot. Tekið var fram að ef hið stefnda félag yrði áskynja um slíkt yrði stjórnendum félagsins tilkynnt um það.
- 9 Eins og rakið er í héraðsdómi var samþykkt á hluthafafundi í Stakksbraut 9 ehf. 31. desember 2013 að hækka hlutafé félagsins um 223.759.000 hluti, úr 500.000 krónum að nafnverði í 224.259.000 krónur. Skyldi hlutaféð greitt með skuldajöfnuði „á

viðskiptareikningi hluthafans“, USI Holding B.V. Með samþykkt hluthafafundar Stakksbrautar 9 ehf. 15. febrúar 2014 var aftur samþykkt að hækka hlutafé félagsins, að þessu sinni um 449.216.000 krónur, eða úr 224.259.000 krónum í 673.475.000 krónur. Skyldi greiða hlutaféð með peningum á genginu einn og var greiðslufrestur veittur til loka ágústmánaðar 2014.

- 10 Með tilkynningum sem bárust ríkisskattstjóra 23. september 2014 um hlutafjánhækkunirnar staðfesti stefndi Rögnvaldur Dofri greiðslu hlutafjárins, annars vegar með skuldajöfnuði á víkjandi láni frá hluthafa félagsins að fjárhæð 223.759.000 krónur og hins vegar með peningagreiðslum samtals að fjárhæð 449.216.000 krónur.
- 11 Áfrýjandi byggir kröfu sína á hendur stefndu á því að í raun hafi aldrei verið greitt fyrir þessa hluti í Stakksbraut 9 ehf. og að stefndi Rögnvaldur Dofri hafi vitað eða mátt vita að sú væri raunin þegar hann staðfesti greiðslurnar. Varðandi fyrri hlutafjánhækkunina vísar áfrýjandi til þess að ekki verði séð að USI Holding B.V. hafi átt kröfu á hendur Stakksbraut 9 ehf. að fjárhæð 223.759.000 krónur og að fullnægjandi endurgjald sem svari til þeirrar fjárhæðar hafi aldrei komið inn í félagið. Hvað viðkemur síðari hlutafjánhækkuninni telur áfrýjandi að félag undir stjórn Magnúsar Garðarssonar, Tomahawk Development á Íslandi hf., hafi greitt fjármuni í áföngum inn á reikning Stakksbrautar 9 ehf., sem litið hafi verið á sem greiðslu fyrir hlutafjánhækkunina. Þær greiðslur hafi jafnharðan verið millifærðar af reikningnum til hollenska félagsins Pyromet Engineering B.V. sem einnig hafi verið undir stjórn Magnúsar. Þaðan hafi fjármuninum verið ráðstafað til Magnúsar eða Tomahawk Development á Íslandi hf. og þeir aftur notaðir til að greiða inn á reikning Stakksbrautar 9 ehf. þaðan sem þeim var ráðstafað jafnharðan til Pyromet Engineering B.V. Þannig hafi greiðslurnar farið í hringi án þess að skila nokkru raunverulegu verðmæti til Stakksbrautar 9 ehf.
- 12 Samkvæmt gögnum úr bókhaldi Stakksbrautar 9 ehf., sem lögð hafa verið fyrir Landsrétt, námu greiðslur félagsins til Pyromet Engineering B.V. á árinu 2013 samtals 975.000 evrum eða 159.370.625 krónum og 4.150.000 evrum eða 647.011.050 krónum á árinu 2014. Í málinu hafa verið lagðir fram þrjú reikningar frá Pyromet Engineering B.V. fyrir september, október og nóvember 2013, sem allir eru stílaðir á Stakksbraut 9 ehf. Andvirði þeirra nemur samtals 975.000 evrum. Einn reikningur milli sömu félaga frá árinu 2014 liggur einnig fyrir í málinu en hann er að fjárhæð 515.000 evrur. Á öllum þessum reikningum er að finna skýringuna: „Matter[:] Silicon Plant Helguvík, Furnace Design / Engineering and plant building design.“ Þar er þess einnig getið að um sé að ræða samningsgreiðslu í samræmi við framvindu verksins.
- 13 Samkvæmt árshlutareikningi Stakksbrautar 9 ehf., sem dagsettur er 24. september 2014 og tekur til tímabilsins frá ársbyrjun til ágústloka 2014, var eigið fé félagsins 864.523.233 krónur, þar af 673.475.000 krónur í hlutafé. Eignir á efnahagsreikningi voru undirbúningskostnaður að fjárhæð 988.478.936 krónur. Ljóst er að fyrrgreindur kostnaður vegna ætlaðrar vinnu Pyromet Engineering B.V. við undirbúning að

starfsemi verksmiðjunnar nam ríflega 81% af þeim undirbúningskostnaði. Fram kemur í áritun stefndu á árshlutareikninginn að þeir hafi veitt faglega aðstoð við gerð hans og byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafi lagt fram. Áréttað var að ekki væri um staðfestingarverkefni að ræða og því væri ekki veitt álit byggt á endurskoðun eða könnun á því hvort árshlutareikningurinn væri gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

- 14 Stakksbraut 9 ehf. rann saman við Sameinað Sílikon hf. í samræmi við samþykktir á hluthafafundum beggja félaga 24. september 2014. Miðaðist samruninn við 1. sama mánaðar. Samkvæmt samrunaáætlun skyldi eigandi Stakksbrautar 9 ehf., USI Holding B.V., láta af hendi hlutfé sitt í félaginu að nafnverði 673.475.000 krónur og fá í staðinn hlutabréf í hinu sameinaða félagi að sömu fjárhæð. Hækkaði hlutfé í Sameinuðu Sílikoni hf. um sömu fjárhæð, 673.475.000 krónur. Með því var gengið út frá því að eigandi Stakksbrautar 9 ehf. eignaðist 60,5% hlut í Sameinuðu Sílikoni hf. Fram kemur í áætluninni að stjórnir félaganna telji ekki þörf á því að endurskoðandi leggi mat á endurgjaldið sem fáiast fyrir hluti í Stakksbraut 9 ehf. Í meðfylgjandi fundargerðum beggja félaganna segir einnig að ekki skuli gerð skýrsla sérfróðs matsmanns um samrunaáætlunina samkvæmt 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög og 96. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutfélög.
- 15 Með samrunagögnum sem bárust ríkisskattstjóra 25. september 2014 fylgdi áritun stefnda Rögnvalds Dofra þar sem segir að hann hafi „endurskoðað og sannreynt að sameiginlegur efnahagsreikningur Sameinaðs Sílikons hf. og Stakksbrautar 9 ehf. hinn 1. september 2014 byggir á árshlutareikningum félaganna fyrir tímabilið 1. janúar 2014 til 31. ágúst 2014“. Þá segir í árituninni að stefndi hafi endurskoðað og sannreynt að drög að upphafsefnahagsreikningi Sameinaðs Sílikons hf. frá 1. september 2014 væri í samræmi við samrunaefnahagsreikninginn og að hann sýndi þær breytingar sem álitnið sé að samruninn hefði í för með sér. Í samrunaefnahagsreikningnum kemur fram að fastafjármunir Sameinaðs Sílikons hf. eftir samrunann nemi samtals 1.904.082.578 krónum, þar af nemi óefnislegar eignir 1.439.170.103 krónum. Námu fyrrgreindar óefnislegar eignir Stakksbrautar 9 ehf. að fjárhæð 988.478.936 krónur drjúgum hluta þeirrar eignar.
- 16 Áfrýjandi telur að stefndi Rögnvaldur Dofri hafi sýnt af sér saknæma vanrækslu við endurskoðun samrunaefnahagsreikningsins. Það hafi hann gert með því að kanna ekki hvað hafi legið að baki greiðslum til Pyromet Engineering B.V. sem áður er getið og mynduðu stóran hluta þeirra óefnislegu eigna sem runnu til Sameinaðs Sílikons hf. við samrunann. Vísar áfrýjandi þar til reikningsskilastaðalsins IAS 38 þar sem sett séu tvö skilyrði fyrir færslu óefnislegra eigna í bókum félags, annars vegar að líklegt sé að efnahagslegur framtíðarávinningur, sem rekja megi til eignarinnar, renni til félagsins og hins vegar að unnt sé að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

- 17 Eins og áður segir áritaði stefndi Rögnvaldur Dofri ársreikning Sameinaðs Sílikons hf. vegna ársins 2014. Ársreikningurinn er dagsettur 2. júlí 2015. Í áritun sinni kvað stefndi reikninginn gefa glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, efnahag þess í lok þess árs og breytingu á handbæru fé á því ári, allt í samræmi við lög um ársreikninga. Fastafjármunir félagsins námu þar 3.758.056.093 krónum í árslok 2014, þar af mannvirki á byggingarstigi 398.381.127 krónum, verksmiðjutæki á byggingarstigi 1.279.771.438 krónum, stofnkostnaður 1.394.395.312 krónum og bundinn bankareikningur 685.508.216 krónum. Handbært fé í árslok var 122.462.825 krónur. Eigið fé nam á sama tíma samtals 1.303.120.681 krónu. Langtímaskuldir voru 2.395.678.300 krónur en skammtímaskuldir 221.326.468 krónur. Fram kemur í skýringum að allur kostnaður vegna óefnislegra eigna, sem orðið hafi til innan fyrirtækisins, væri eignfærður sem stofnkostnaður.
- 18 Áfrýjandi kveður eigið fé Sameinaðs Sílikons hf. hafi verið stórlega ofmetið í framangreindum ársreikningi, þar sem ekkert raunverulegt endurgjald hafi komið fyrir hinar umdeildu hlutafjánhækkningar. Þá hafi engin raunveruleg verðmæti legið að baki hinum bókfærðu óefnislegu eignum. Stefnda Rögnvaldi Dofra hafi átt að verða þetta ljóst við endurskoðun ársreikningsins. Þessu til stuðnings vísar áfrýjandi meðal annars til 2. mgr. 102. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga þar sem fram komi að skoðunarmenn skuli yfirfara ársreikning og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.
- 19 Varnir stefndu byggjast í stuttu máli á því að greiðsla hlutfjár vegna hinna umdeildu hlutafjánhækkana hafi verið réttilega staðfest af stefnda Rögnvaldi Dofra. Ekkert hafi gefið honum tilefni til að efast um þau bókhaldsgögn sem lágu til grundvallar útgjöldum Stakksbrautar 9 ehf. Engar upplýsingar hafi legið fyrir um félagið Pyromet Engineering B.V. og ekki hafi verið unnt að sjá annað en að reikningar sem félagið gaf út hafi átt rót að rekja til raunverulegra viðskipta. Þeir reikningar hafi borið með sér að vera vegna vinnu verkfræðinga, meðal annars við hönnun á ofni fyrir verksmiðjuna. Það hafi verið í fullu samræmi við hlutverk Stakksbrautar 9 ehf. sem hafi snúist um fjárfreka uppbyggingu á kísilverksmiðju. Stefndu hafna því enn fremur að samrunaefnahagsreikningur Sameinaðs Sílikons hf. frá september 2014 hafi verið endurskoðaður og kveða áritun stefnda Rögnvalds Dofra ekki bera það með sér. Það sé og í samræmi við venjubundna framkvæmd, auk þess sem stefndu benda á að skylda samkvæmt 2. mgr. 96. gr. laga nr. 138/1994 og 2. mgr. 121. gr. laga nr. 2/1995 hvíli á félagsstjórn en ekki endurskoðanda. Stefndu byggja á því að þeir hafi verið í góðri trú um réttmæti þess að eignfæra stofnkostnað meðal annars á grundvelli reikninga frá Pyromet Engineering B.V. Þá er á því byggt að ársreikningur Sameinaðs Sílikons hf. fyrir árið 2014 hafi gefið rétta mynd af fjárhag félagsins. Að lokum vísa stefndu til þess að ekkert liggi fyrir um að tengsl séu á milli starfa stefndu og ætlaðs tjóns áfrýjanda.
- 20 Um röksemdir aðila að öðru leyti er vísað til hins áfrýjaða dóms.

- 21 Mikið af skjölum voru lögð fyrir héraðsdóm meðal annars um viðskipti áfrýjanda og Sameinaðs Sílikons hf., um vinnu stefndu fyrir það félag og Stakksbraut 9 ehf. og gögn með fjárhagsupplýsingum um umrædd félög. Auk þess lágu þar fyrir gögn um samstarf USI Holding B.V. og hollenska félagsins Silicon Mineral Ventures B.V. um fjárfestingu í kísilverksmiðjunni, en þau félög munu hafa staðið saman að stofnun Sameinaðs Sílikons hf. árið 2014 í gegnum félagið United Silicon Holding B.V. Þessu til viðbótar hafa báðir aðilar lagt fram nokkur ný gögn fyrir Landsrétt. Meðal þeirra eru tölvupóstsamskipti skiptastjóra þrotabús Sameinaðs Sílikons hf. við hollenskan endurskoðanda um félagið Pyromet Engineering B.V. og skattframtöl þess félags fyrir árin 2013, 2014 og 2015. Enn fremur bankareikningsyfirlit ýmissa félaga sem koma við sögu í málinu, þar á meðal Pyromet Engineering B.V. og félagsins Tomahawk Development á Íslandi hf. Þá hafa verið lögð fyrir Landsrétt fleiri gögn úr bókhaldi Stakksbrautar 9 ehf. en lögð voru fyrir héraðsdóm. Áfrýjandi lagði einnig fram kæru Seðlabanka Íslands til héraðssaksóknara vegna ætlaðra brota fyrrum forsvarsmanna Sameinaðs Sílikons hf. á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál og skýrslu stefnda Rögnvalds Dofra sem hann gaf hjá héraðssaksóknara við rannsókn þess máls. Jafnframt hafa verið lögð fyrir Landsrétt gögn sem sýna áritun ýmissa endurskoðenda á samrunaefnahagsreikninga fjölmargra félaga.
- 22 Við aðalmeðferð málsins í héraði gaf forstjóri áfrýjanda, Þóroddur Ottesen Arnarsson, aðilaskýrslu, sem og stefndi Rögnvaldur Dofri. Lögmennirnir Benedikt Egill Árnason, Friðbjörn Garðarsson og Skarphéðinn Pétursson gáfu þar einnig vitnaskýrslur. Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti var upptaka af skýrslu stefnda Rögnvalds Dofra spiluð, auk þess sem vitnið Ingveldur Rósa Baldursdóttir, starfsmaður stefnda Ernst & Young ehf., gaf þar skýrslu fyrir dómi. Þar lýsti hún vinnu sinni við færslu bókhalds Stakksbrautar 9 ehf.

Niðurstaða

- 23 Í málinu krefst áfrýjandi viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefndu á grundvelli almennu skaðabótareglunnar. Sönnunarbyrði um að skilyrðum þeirrar reglu sé fullnægt hvílir í öllum aðalatriðum á tjónþola, þótt ýmis blæbrigði geti verið á því hvaða kröfur gera eigi til sönnunar í því efni.
- 24 Eins og áður segir vann Stakksbraut 9 ehf. að undirbúningi að byggingu kísilverksmiðju í Helguvík á árunum 2012 og fram á haustið 2014 þegar félagið rann saman við Sameinað Sílikon hf. Eigandi Stakksbrautar 9 ehf., USI Holding B.V., gerði fjárfestingarsamning við Silicon Mineral Ventures B.V. 14. febrúar 2014, þar sem samið var um framlag félaganna til uppbyggingar og reksturs á umræddri verksmiðju. Þar er við það miðað að starfsemin komi til með að fara fram í félaginu Sameinuðu Sílikoni hf. Framlagi USI Holding B.V. er lýst í átta töluliðum í grein 2.1 í samningnum. Það framlag fólst meðal annars í því að útvega lóð og aðgang að höfn í Helguvík, vinna umhverfismat og afla starfsleyfis, auk þess að gera ýmsa samninga við stjórnvöld og fyrirtæki hér á landi. Þar kom jafnframt fram að USI Holding B.V.

hefði þegar aflað tilboðs frá ofnaframleiðendum Tenova og Sinosteel í byggingu og uppsetningu tveggja ofna í verksmiðjunni. Töldu aðilar að verðmæti alls þessa framlags væri 10,2 milljónir evra, en við það var miðað að framlaginu væri skipt í þrjá hluta og að fyrsti hlutinn næmi 5,1 milljón evra. Það framlag átti að endurspeglast í hlut USI Holding B.V. í Sameinuðu Sílikoni hf. við kaup á fyrstu tveimur ofnum verksmiðjunnar. Í samningnum kemur fram að framlag USI Holding B.V. kæmi til með að færast til Sameinaðs Sílikons hf. með framsali á öllum hlutum í Stakksbraut 9 ehf.

- 25 Bókhald Stakksbrautar 9 ehf. mun hafa verið fært af stefnda Ernst & Young ehf., auk þess sem stefndu unnu að gerð árs hlutareiknings fyrir félagið sem tók til tímabilsins frá ársbyrjun 2014 til ágústloka sama ár. Ekki er annað komið fram en að þessi vinna hafi verið innt af hendi á grundvelli fyrrgreinds samnings milli stefnda Ernst & Young ehf. og Stakksbrautar 9 ehf. frá 10. apríl 2014. Eins og þar greinir fól vinna stefndu fyrir Stakksbraut 9 ehf. ekki í sér endurskoðun heldur einungis faglega aðstoð.
- 26 Viðhlítandi bókhaldsgögn lágu til grundvallar færslu í bókhaldi Stakksbrautar 9 ehf. á skuldum félagsins við félagið Tomahawk Development á Íslandi hf. vegna greiðslna sem bárust inn á bankareikning Stakksbrautar 9 ehf. á árunum 2012 til 2014. Umrædd skuld nam 223.759.046 krónum 31. desember 2013 þegar samþykkt var á hluthafafundi Stakksbrautar 9 ehf. að hækka hlutafé félagsins um 223.759.000 hluti. Við það var skuldin við Tomahawk Development á Íslandi hf. lækkuð í bókhaldi Stakksbrautar 9 ehf. sem því nam. Á árinu 2014 héldu greiðslur áfram að berast inn á bankareikning Stakksbrautar 9 ehf. í gegnum félagið Tomahawk Development á Íslandi hf. Skuld Stakksbrautar 9 ehf. vegna þessara greiðslna nam samtals 638.341.600 krónum 31. ágúst 2014 þegar greiðslufrestur vegna síðari hlutfjárhækkunarinnar, að fjárhæð 449.216.000 krónur, rann út. Bókhald Stakksbrautar 9 ehf. ber ekki annað með sér en að skuld félagsins við Tomahawk Development á Íslandi hf. hafi nánast þurrkast út með færslu sem vísaði til hlutfjárukningar 31. ágúst 2014.
- 27 Eins og rakið hefur verið staðfesti stefndi Rögnvaldur Dofri greiðslu hlutafjár til Stakksbrautar 9 ehf. vegna beggja hlutfjárhækkananna, með tilkynningum sem bárust ríkisskattstjóra 23. september sama ár. Þær staðfestingar byggðust á framangreindum greiðslum, sem sannanlega bárust inn á reikning Stakksbrautar 9 ehf. áður en tilkynnt var um hækkunina, og námu að lágmarki nafnvirði þess hlutafjár sem hækkunirnar kváðu á um.
- 28 Tomahawk Development á Íslandi hf. mun að mestu hafa verið í eigu sömu aðila og USI Holding B.V. og virðist Magnús Garðarsson hafa verið fyrirsvarsmaður þeirra beggja. Stefndu vísa til þess að áður en greiðsla hlutfjárukningarinnar var staðfest hafi verið upplýst að allar greiðslur til félagsins, sem mynduðu framangreinda skuld í bókhaldi þess, hafi verið inntar af hendi í þágu USI Holding B.V., eina hluthafans í Stakksbraut 9 ehf. Fyrrgreindur Magnús Garðarsson hefur lýst því sama yfir. Máttu

stefndu ganga út frá því að umræddar greiðslur mynduðu skuld við eina hluthafa félagsins, USI Holding B.V., eins og gengið var út frá í samþykkt hluthafafunda í Stakksbraut 9 ehf., þótt greiðslurnar hafi borist frá Tomahawk Development á Íslandi hf.

- 29 Hvað sem þessu líður telur áfrýjandi að stefnda Rögnumvaldi Dofra hafi borið í ljósi lögbundins hlutverks síns að gæta að því að greiðslur fyrir hlutina færu ekki viðstöðulaust út af reikningi Stakksbrautar 9 ehf. nema að samsvarandi verðmæti kæmu í staðinn. Í vinnu sinni hafi hann meðal annars stuðst við bankareikningsyfirlit sem hafi borið það með sér að fjármuninum hafi þegar í stað verið ráðstafað til félagsins Pyromet Engineering B.V. sem áður er getið. Þær fjármunafærslur hafi verið tilefnislausar og ekki skilað Stakksbraut 9 ehf. neinum verðmætum. Byggir áfrýjandi á því að það hefði komið í ljós ef stefndu hefðu kannað málið eins og ætlast mátti til áður en greiðsla hlutafjárhækkananna var staðfest.
- 30 Umrædd bankareikningsyfirlit frá árunum 2013 og 2014 bera vissulega með sér að næstum sömu fjárhæðir hafi í flestum tilvikum verið ráðstafað út af reikningi Stakksbrautar 9 ehf. með símgreiðslum sömu daga og framangreindar greiðslur bárust inn á reikninginn. Það eitt gaf ekki tilefni til efasemda um að hlutféð hefði verið greitt, enda eðlilegt að fjármunir sem eigandi Stakksbrautar 9 ehf. lagði félaginu til væru jafnharðan nýttir til að mæta kostnaði við þá uppbyggingu sem félagið stóð að. Gögn úr bókhaldi Stakksbrautar 9 ehf. sýna að stórum hluta þessara fjármuna hafi verið varið til að greiða reikninga hollenska félagsins Pyromet Engineering B.V. Eins og áður segir liggja fjórir slíkir reikningar fyrir í málinu og samrýmast upplýsingar sem þar koma fram framangreindum bókhaldsgögnum. Vitnið Ingveldur Rósa Baldursdóttir staðfesti í skýrslu sinni fyrir Landsrétti að reikningar frá Pyromet Engineering B.V. hafi legið til grundvallar öllum færslum þessara útgjalda í bókhaldi Stakksbrautar 9 ehf. Bókhaldsgögn félagsins voru afhent Sameinuðu Sílikoni hf. í kjölfar samruna félaganna í september 2014 og báru stefndu ekki ábyrgð á varðveislu þeirra eftir það.
- 31 Í málinu liggja fyrir upplýsingar úr fyrirtækjaskrá í Hollandi um félagið Pyromet Engineering B.V. Þar segir að Joseph Patrick Dignam hafi verið eini hluthafi félagsins, en hann var jafnframt stjórnarformaður Stakksbrautar 9 ehf., eins og áður er getið. Framlögð skattframtöl Pyromet Engineering B.V. frá árunum 2013 til 2015 gefa til kynna að engin starfsemi hafi verið í félaginu, en því var slitið 18. desember 2015. Yfirlit bankareiknings Pyromet Engineering B.V. frá sama tíma sýnir að umræddar greiðslur frá Stakksbraut 9 ehf. bárust inn á reikninginn. Í kjölfarið virðist fjármunum hafa verið ráðstafað af honum inn á reikninga Tomahawk Development á Íslandi hf. eða á reikning Magnúsar Garðarssonar.
- 32 Þessar upplýsingar styðja þá ályktun að útgáfa reikninga Pyromet Engineering B.V. hafi ekki tengst kaupum á þjónustu í þágu Stakksbrautar 9 ehf. Því má með réttu efast um að heimild hafi staðið til þess að færa greiðslu þeirra sem stofnkostnað sem unnt

var að eignfæra sem óefnislega eign í reikningum félagsins. Eftir sem áður báru umræddir reikningar ekki annað með sér en að þeir væru gerðir vegna hönnunar á ofni fyrir kísilverksmiðju í Helguvík. Slíkur kostnaður gat samrýmst tilgangi Stakksbrautar 9 ehf. og fyrrgreindum fjárfestingarsamningi milli eiganda félagsins og Silicon Mineral Ventures B.V. og jafnframt stuðlað að líklegum framtíðarávinningi Sameinaðs Sílikons hf. Ekki liggur fyrir að aðrir reikningar hafi verið gerðir vegna hönnunar á þeim ofni sem óumdeilt er að settur var upp í verkmiðjunni í Helguvík. Er ósannað að stefndi Rögnvaldur Dofri hafi vitað eða mátt vita að annað lægi að baki útgáfu reikninganna en þeir báru með sér.

- 33 Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið verður ekki á það fallist að sannað sé að stefndi Rögnvaldur Dofri hafi sýnt af sér saknæma háttsemi þegar hann staðfesti að umræddar hlutfjárukningar hefðu verið greiddar annars vegar með skuldajöfnuði og hins vegar með peningum.
- 34 Krafa áfrýjanda er jafnframt reist á því að stefndi Rögnvaldur Dofri hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að staðfesta rangar upplýsingar um óefnislegar eignir í samrunaefnahagsreikningi Sameinaðs Sílikons hf. Þar er vísað til fyrrgreindra greiðslna til Pyromet Engineering B.V., en þær hafi ekki heimilað slíka færslu í reikningsskilum félagsins.
- 35 Áritun stefnda sem fylgdi reikningnum ber ekki með sér að hann hafi endurskoðað árshlutareikninga félaganna í tilefni af samrunanum, einungis að hann hafi „endurskoðað og sannreynt“ að hinn sameiginlegi efnahagsreikningur byggðist á þeim reikningum. Eins og hann hefur sjálfur lýst fyrir dómi voru árshlutareikningar félaganna ekki endurskoðaðir og í greinargerð hans til Landsréttar er staðfest að samrunaefnahagsreikningurinn hafi verið óendurskoðaður.
- 36 Í 2. mgr. 121. gr. laga nr. 2/1995 og 2. mgr. 96. gr. laga nr. 138/1994 segir að félagsstjórn skuli annast um að saminn sé „endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur“ sem sýni allar eignir og skuldir í hverju félaganna fyrir sig, þær breytingar sem álitíð er að samruninn muni hafa í för með sér og drög að upphafsefnahagsreikningi yfirtökufélagsins. Orðalag ákvæðisins gefur til kynna að hinn sameiginlegi reikningur skuli vera endurskoðaður. Skylda samkvæmt lagaákvæðinu hvíldi aftur á móti ekki á stefnda Rögnvaldi Dofra sem endurskoðanda heldur á stjórnnum umræddra félaga. Getur möguleg skaðabótaábyrgð hans ekki byggst á öðru en því að stefnda Rögnvaldi Dofra hafi borið að gera stjórnnum félaganna viðvart um þá skyldu. Þá er til þess að líta að í málinu hafa verið lögð fram allmörg dæmi um áritun endurskoðenda á samrunaefnahagsreikninga sem gefa ekki annað til kynna en að þeir séu að öllu leyti reistir á óendurskoðuðum reikningum samrunafélaga. Virðist sú framkvæmd hafa viðgengist átölulaust um langt skeið. Í þessu ljósi verður athafnaleysi stefnda Rögnvalds Dofra gagnvart stjórnnum samrunafélaganna um þetta atriði ekki virt honum til sakar.

- 37 Eins og áður segir er ósannað að stefndi Rögnvaldur Dofri hafi vitað eða mátt vita að annað lægi að baki útgáfu reikninga frá Pyromet Engineering B.V. en að þeir væru vegna vinnu við hönnun á ofni fyrir kísilverksmiðju í Helguvík. Hafði hann ekki ástæðu til að efast um réttmæti þess að eignfæra þau útgjöld sem stofnkostnað sem gat stuðlað að líklegum framtíðarávinningi Stakksbrautar 9 ehf. og síðar Sameinaðs Sílikons hf. Í því ljósi, en að öðru leyti með vísan til þess sem áður er rakið, ber að hafna málsástæðu áfrýjanda er lýtur að áritun hans með samrunaefnahagsreikningi Sameinaðs Sílikons hf.
- 38 Áfrýjandi byggir að lokum á þeirri málsástæðu að stefndi Rögnvaldur Dofri hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að árita ársreikning Sameinaðs Sílikons hf. vegna ársins 2014 án fyrirvara. Hafi ársreikningurinn gefið ranga mynd af eignum félagsins þar sem fyrrgreindar hlutafjánhækkanir Stakksbrautar 9 ehf. hafi í raun aldrei verið greiddar og óefnislegar eignir hins sameinaða félags ofmetnar.
- 39 Áritun stefnda Rögnvalds Dofra á ársreikning Sameinaðs Sílikons hf. fyrir árið 2014 ber með sér að reikningurinn hafi verið endurskoðaður á grundvelli viðeigandi gagna. Samkvæmt 1. mgr. 102. gr. laga nr. 3/2006 skulu endurskoðendur endurskoða ársreikning í samræmi við lög um endurskoðendur. Á þeim tíma sem um ræðir voru í gildi lög nr. 79/2008 um endurskoðendur. Þar er endurskoðun skilgreind sem óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika þeirra og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur eða önnur skilyrði sem fram koma í álitsgerðinni. Þá segir í 1. mgr. 8. gr. laganna að endurskoðendur skuli rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gilda um störf þeirra. Í 9. gr. laganna kemur fram að endurskoðandi skuli einnig rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og alþjóðlega staðla um gæðaeftirlit sem teknir hafa verið upp í íslenskan rétt.
- 40 Áfrýjandi vísar ekki til tiltekinna reikningsskilareglna eða endurskoðunarstaðla sem hann telur að stefndi Rögnvaldur Dofri hafi látið hjá líða að fylgja. Aftur á móti vísar hann til 2. mgr. 102. gr. laga nr. 3/2006 sem fjallar um yfirferð skoðunarmanna á ársreikningi. Þar segir að við þá yfirferð skuli skoðunarmaður kanna bókhaldsgögn viðkomandi félags og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.
- 41 Eins og rakið hefur verið báru bókhaldsgögn Stakksbrautar 9 ehf. ekki annað með sér en að í rekstri þess hafi verið stofnað til kostnaðar að fjárhæð 806.381.675 krónur við hönnun á ofni fyrir kísilverksmiðju sem reis í Helguvík. Slíkur hönnunarkostnaður var eðlilegur þáttur í undirbúningi að starfrækslu verksmiðjunnar sem eins og áður segir gat stuðlað að líklegum framtíðarávinningi Sameinaðs Sílikons hf. Umrædd bókhaldsgögn Stakksbrautar 9 ehf. urðu hluti bókhaldsgagna Sameinaðs Sílikons hf. við samruna félaganna. Ekki liggur fyrir að viðunandi endurskoðun á reikningsskilum félagsins fyrir árið 2014 hefði, í samræmi við þær kröfur sem að framan greinir, átt að

leiða í ljós að sá kostnaður væri rangfærður og gæti ekki réttlætt eignfærslu hans. Því ber einnig að hafna þessari málsástæðu áfrýjanda.

- 42 Með vísan til alls þess sem hér hefur verið rakið ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sýknu stefndu af kröfum áfrýjanda.
- 43 Stefndu hafa ekki áfrýjað niðurstöðu héraðsdóms um málskostnað fyrir sitt leyti og því kemur krafa þeirra um málskostnað í héraði ekki til álita.
- 44 Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður áfrýjanda gert að greiða stefndu málskostnað fyrir Landsrétti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Íslenskir aðalverktakar hf., greiði stefndu, Ernst & Young ehf. og Rögnvaldi Dofra Péturssyni, hvorum um sig 750.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 2021

I

Mál þetta, sem var höfðað með stefnu birtri 17. júlí 2019, var dómtekið 3. júní 2021. Stefnandi er Íslenskir aðalverktakar hf., [...], Reykjavík, en stefndu eru Ernst & Young ehf., [...], Reykjavík, og Rögnvaldur Dofri Pétursson, [...], Seltjarnarnesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennd verði óskipt skaðabótaskylda stefndu á því tjóni stefnanda af verksamningi stefnanda við félagið Sameinað Sílikon hf. sem varð af völdum þess að endurskoðaður ársreikningur Sameinaðs Sílikons hf. vegna ársins 2014 gaf ekki rétta mynd af stöðu félagsins. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda, auk greiðslu málskostnaðar.

II

Forsögu málsins er að rekja til verksamnings á milli stefnanda og Sameinaðs Sílikons hf., dags. 11. júlí 2014, um byggingu mannvirkja í Helguvík. Stefndu, Ernst & Young ehf. og Rögnvaldur Dofri Pétursson, löggiltur endurskoðandi, störfuðu fyrir og veittu Sameinuðu Sílikoni hf. og tengdum félögum ýmiss konar ráðgjöf. Sakarefni málsins lýtur að meintri skaðabótaskyldri háttsemi stefndu í tengslum við þá vinnu, einkum vegna staðfestingar stefndu á tveimur hlutfjárhækkunum í einkahlutafélaginu Stakksbraut 9 ehf., en það félag sameinaðist Sameinuðu Sílikoni hf. á árinu 2014, og þjónustu sem stefndu veittu í tengslum við gerð ársreiknings hins sameinaða félags fyrir árið 2014, samkvæmt ráðningarsamningi, dags. 2. júní 2014.

Þær hlutfjárhækkanir sem um er deilt í Stakksbraut 9 ehf. eru annars vegar að nafnverði 223.759.000 krónur samkvæmt ákvörðun hluthafafundar félagsins þann 31. desember 2013. Hins vegar að nafnverði 449.216.000 krónur samkvæmt ákvörðun hluthafafundar þann 15. febrúar 2014. Í báðum tilvikum var hollenskt félag, USI Holding B.V., eini hluthafi félagsins, skráð fyrir allri áskrift að hinu nýja hlutafé.

Einkahlutafélagið Stakksbraut 9 var stofnað í febrúar 2012. Tilgangur félagsins var að afla tilskilinna leyfa og gera viðeigandi samninga við stjórnvöld til þess að starfrækja kísilver í Helguvík. Félagið keypti lóðina Stakksbraut 9 í Reykjanesbæ með kaupsamningi, dags. 18. apríl 2012, og mun Arion

banki hf. hafa fjármagnað kaupin að stærstum hluta. Ýmsir fjárfestar lögðu USI Holding B.V. til fjármagn í þá fjárfestingu, þar á meðal einkahlutafélagið Tomahawk Development á Íslandi. Það félag var að mestu í eigu sömu fjárfesta og Stakksbraut 9 ehf.

Stefndu og Stakksbraut 9 ehf. undirrituðu ráðningarsamning, dags. 10. apríl 2014, sem afmarkaði vinnu stefndu fyrir félagið, þ. á m. aðstoð við færslu bókhalds og gerð ársreiknings fyrir félagið. Var sérstaklega tekið fram að í þeirri vinnu fælist ekki endurskoðun heldur fagleg aðstoð.

Samkvæmt áðurgreindum verksamningi á milli stefnanda og Sameinaðs Sílikons hf. um byggingu mannvirkja í Helgúvík skyldu greiðslur frá Sameinuðu Sílikoni hf. til stefnanda miðast við verkkostnað og álagningu og markgildi. Reikningar skyldu gerðir mánaðarlega eða á tveggja vikna fresti og skyldu greiddir innan 14 daga frá útgáfu. Áætluð verklok voru 31. maí 2016.

Gerður var viðauki við verksamninginn í byrjun árs 2015, þar sem Sameinað Sílikon hf. tók að sér að greiða það stál sem notað var í verkið, en stefnandi skyldi áfram vera ábyrgur fyrir afhendingu og gæðum þess.

Samkvæmt minnisblaði stefnanda, dags. 10. febrúar 2016, krafðist stefnandi þess m.a. að verktími yrði framlengdur auk þess sem gerðar voru athugasemdir við greiðsludrátt Sameinaðs Sílikons hf. á framvindureikningi stálframleiðenda o.fl. Kemur fram í minnisblaðinu að meint krafa stefnanda gagnvart Sameinuðu Sílikoni hf. nemi 53.830.509 krónum og í bréfi stefnanda, dags. 23. mars 2016, segir að ógreiddar kröfur sem komnar séu í eindaga nemi 118.213.765 krónum.

Ágreiningur ágerðist á milli stefnanda og Sameinaðs Sílikons hf. þegar komið var fram á árið 2016 og gerðu aðilar m.a. kröfur í greiðslu- og verktryggingar hvors annars vegna verksins. Þannig sendi Sameinað Sílikon hf. stefnanda tilkynningu með bréfi, dags. 25. maí 2016, um beitingu vanefndaúrræða og skoraði á stefnanda að skila verkinu þann 31. maí 2016 eins og samið hafði verið um.

Í lok maí 2016 nam fjárhæð ógreiddra reikninga frá Sameinuðu sílikoni hf. til stefnanda sem fallnir voru í gjalddaga um 561.000.000 króna með virðisaukaskatti.

Með bréfi, dags. 27. maí 2016, tilkynnti stefnandi Sameinuðu Sílikoni hf. að hann myndi neyðast til að stöðva verkið ef reikningar yrðu ekki greiddir á gjalddaga 1. júní 2016. Ekki kom til þess og undirrituðu málsaðilar í framhaldinu viðauka 2 við verksamninginn, dags. 2. júní 2016, þar sem stefnandi féllst á að stöðva ekki verkið gegn nánar tilgreindum greiðslum frá Sameinuðu Sílikoni hf. Einnig var komist að samkomulagi um að skiladagur verksins skyldi vera 30. júní 2016.

Í því skyni að leysa úr ágreiningi stefnanda og Sameinaðs Sílikons hf. um greiðslu reikninga var sett af stað gerðardómsmeðferð á grundvelli ákvæðis í verksamningi aðila. Þá gerði stefnandi kröfu í greiðslutryggingu Sameinaðs Sílikons hf. hjá Arion banka hf. hinn 5. júlí 2016. Sama dag sendi stefnandi tölvupóst til Sameinaðs Sílikons hf. þar sem tilkynnt var að verkið yrði stöðvað 7. júlí 2016 ef ekki yrðu greiddir gjaldfallnir ógreiddir reikningar í samræmi við viðauka 2 við verksamninginn, frá 1. júní 2016. Bréfaskipti fóru á milli aðila í framhaldinu þar sem Sameinað Sílikon hf. lýsti yfir skuldajöfnuði vegna tjóns sem stefnandi hefði valdið félaginu með stórkostlegri yfirsjón sinni við stjórnun á stálframleiðslu í verkefnið. Hinn 14. júlí 2016 lýsti Sameinað Sílikon hf. yfir riftun á verksamningi aðila. Í kjölfar þess sendi stefnandi Sameinuðu Sílikoni hf. bréf þar sem krafist var greiðslu reikninga að fjárhæð 890.476.057 krónur, auk virðisaukaskatts. Í kjölfarið hófst síðan fyrrgreind gerðardómsmeðferð.

Gerðardómur var kveðinn upp 24. júlí 2017 þar sem m.a. var komist að þeirri niðurstöðu að Sameinuðu Sílikoni hf. bæri að greiða stefnanda 1.113.657.533 krónur, auk dráttarvaxta.

Hinn 14. ágúst 2017 barst Héraðsdómi Reykjaness beiðni frá Sameinuðu Sílikoni hf. um heimild til greiðslustöðvunar, sem samþykkt var sama dag. Félagið var síðan úrskurðað gjaldþrota 22. janúar 2018. Hinn 15. mars 2018 lýsti stefnandi kröfu að fjárhæð 1.113.657.533 krónur samkvæmt dómi gerðardóms í málinu, auk dráttarvaxta, málskostnaðar, kostnaðar vegna gerðardóms og kostnaðar við kröfulýsingu, sem samtals nam 1.353.863.117 krónum.

Samkvæmt bókhaldi Sameinaðs Sílikons hf. fékk stefnandi greiddar fyrir verkið rúmlega 1.286 millj. kr. árið 2015 og árið 2016 fékk stefnandi greiddar rúmlega 1.978 millj. kr. Greiðslur Sameinaðs Sílikons hf. til stefnanda voru því hærri en bæði lausafjár- og eiginfjárstaða Sameinaðs Sílikons hf. samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi Sameinaðs Sílikons hf. árið 2014. Þá fékk stefnandi um 364 millj.

kr. frá 12. maí til 30. júní 2014. Samtals fékk stefnandi greidda rúmlega 3,2 milljarða króna frá þeirri stöðu sem birtist í ársreikningi 2014, þ.e. í lok þess árs, og þar til stefnandi lét af störfum. Lýstar kröfur í þb. Sameinaðs Sílikons hf. námu um 23 milljörðum kr.

Fyrri hlutafjánhækkunin sem deilt er um í máli þessu var samþykkt á hluthafafundi Stakksbrautar 9 ehf., þann 31. desember 2013, þar sem ákveðið var að auka hlutafé í félaginu um 223.759.000 hluti eða úr 500.000 krónum að nafnverði í 224.259.000 að nafnverði. Í fundargerð hluthafafundarins kemur fram að fyrir hið nýja hlutafé skyldi greitt með skuldajöfnun á viðskiptareikningi hluthafans á genginu einn, eða krónu á móti krónu, til samræmis við skýrslu stjórnar og yfirlýsingu endurskoðanda félagsins, dags. 22. desember 2013.

Með tilkynningu til fyrirtækjaskrár, dags. 23. september 2014, var tilkynnt um framangreinda hækkun hlutafjár. Undir tilkynninguna rituðu Magnús Garðarsson fyrir hönd Joseph Dignam og stefndi Rögnvaldur sem endurskoðandi félagsins. Jafnframt fylgdi með tilkynningunni „Staðfesting á hlutafjárauðningu og greiðslu hlutafjár“, þar sem stefndi Rögnvaldur staðfesti við fyrirtækjaskrá að hlutafé félagsins hefði verið hækkað um 223.759.000 krónur að nafnverði og að greitt hefði verið fyrir hækkunina að fullu með öðru en peningum,

Þann 16. júlí 2018 óskaði skiptastjóri Sameinaðs Sílikons hf. eftir skýringum frá stefndu á framangreindri kröfu USI Holding B.V. sem var grundvöllur skuldajöfnuðarins vegna hlutafjánhækkunarinnar. Skýringar stefndu voru þær að krafa USI Holding B.V. hefði orðið til með greiðslu útlagðs kostnaðar Magnúsar Garðarssonar, Helga Björns Ormarssonar og Tomahawk Development á Íslandi ehf. fyrir hönd Stakksbrautar 9 ehf. árið 2012 sem hefði numið samtals 56.209.859 kr. og ýmsum lánagreiðslum Tomahawk Development á Íslandi ehf. að fjárhæð 167.549.141 kr. árið 2013. Jafnframt vísuðu stefndu til þess að gerðir hefðu verið fimm víkjandi lánasamningar við þessa aðila vegna framangreindra skulda Stakksbrautar 9 ehf. við Magnús, Helga og Tomahawk Development.

Síðari hlutafjánhækkunin sem um er deilt í máli þessu var gerð á hluthafafundi í Stakksbraut 9 ehf. þann 15. febrúar 2014. Var ákveðið að hækka hlutafé félagsins um 449.216.000 krónur að nafnverði eða úr 224.259.000 krónum að nafnverði í 673.475.000 krónur að nafnverði. Samkvæmt fundargerð hluthafafundar skyldi greiða með peningum fyrir hið nýja hlutafé á genginu einn og frestur til greiðslu vera til loka ágústmánaðar 2014. Tillagan var samþykkt af hluthafa félagsins, USI Holding B.V., og skráði hann sig fyrir allri hlutfjárauðningunni á fundinum. Hlutafjánhækkunin var tilkynnt til fyrirtækjaskrár hinn 23. september 2014, eða sama dag og fyrri hlutafjánhækkunin. Tilkynningin var undirrituð af Magnúsi Garðarssyni fyrir hönd Joseph Dignam og stefnda Rögnvaldi sem endurskoðanda félagsins.

Þann 24. september 2014 samþykktu hluthafafundir Stakksbrautar 9 ehf. og Sameinaðs Sílikons hf. að sameina félögin. Við samrunann hækkaði hlutafé Sameinaðs Sílikons hf. um 673.475.000 krónur, sem var heildarhlutafé Stakksbrautar 9 ehf. eftir fyrrgreindar hlutafjánhækkunir í Stakksbraut 9 ehf. Eftir samrunann þá nam heildarhlutafé Sameinaðs Sílikons hf. samtals 1.112.673.640 krónum.

Í endurskoðuðum samrunaefnahagsreikningi, dags. 1. september 2014, fyrir samrunafélögin, sem áritaður er af stefnda, Rögnvaldi Dofra, segir svo:

Undirritaður endurskoðandi hefur endurskoðað og sannreynt að sameiginlegur efnahagsreikningur Sameinaðs Sílikons hf. og Stakksbrautar 9 ehf. hinn 1. september 2014 byggir á árshlutareikningum félaganna fyrir tímabilið 1. janúar 2014 til 31. ágúst 2014.

Jafnframt hefur undirritaður endurskoðandi endurskoðað og sannreynt að drög að upphafsefnahagsreikningi Sameinaðs Sílikons hf. þann 1. september 2014 eru í samræmi við samrunaefnahagsreikninginn og sýnir þær breytingar sem álitid er að samruninn hafi í för með sér.

Samkvæmt samrunaefnahagsreikningnum, sem byggdist á árshlutareikningum félaganna fyrir tímabilið 1. janúar 2014 til 31. ágúst 2014, var handbært fé Stakksbrautar 9 ehf. 94.774 krónur.

Við aðalmeðferð málsins gáfu forstjóri stefnanda, Þóroddur Ottesen Arnarson, og stefndi, Rögnvaldur Dofri Pétursson, skýrslu og vitni báru Benedikt Egill Arnarsson lögmaður, Friðbjörn Garðarsson lögmaður og Skarphéðinn Pétursson lögmaður.

III

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á því að komið hafi í ljós að fjárhagsstaða Sameinaðs Sílikons hf. hafi verið allt önnur og verri en fram hafi komið í endurskoðuðum ársreikningi félagsins vegna ársins 2014, sem hafi legið fyrir þegar kröfur stefnanda á hendur félaginu söfnuðust upp, og að skráð hlutafé hafi verið mun herra en það átti að vera. Telur stefnandi að ástæðurnar megi rekja til þess að tilkynningar Stakksbrautar 9 ehf., sem sameinað var Sameinuðu Sílikoni hf. með samþykkt hluthafafundar 24. september 2014, til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra 23. september 2014 hafi verið rangar eða að minnsta kosti villandi.

Tilkynningarnar hafi verið undirritaðar af stefnda, Rögnvaldi Dofra Péturssyni, löggiltum endurskoðanda, fyrir hönd stefnda, Ernst & Young ehf., og þar segi að hlutaféð hafi verið að fullu greitt. Byggir stefnandi á því að það sé rangt eða villandi, þar sem engar greiðslur höfðu í raun borist fyrir hækkunirnar. Með því hafi stefndi, Rögnvaldur, sýnt af sér saknæma vanrækslu í starfi í a.m.k. þremur tilvikum, sem hafi leitt til þess að raunveruleg fjárhagsstaða Sameinaðs Sílikons hf. hafi verið allt önnur og verri en endurskoðaðir ársreikningar þess gáfu til kynna. Hafi stefnda, Rögnvaldi, átt að vera þetta ljóst í síðasta lagi við endurskoðun ársreiknings Sameinaðs Sílikons hf. vegna ársins 2014. Þetta hafi í fyrsta lagi verið við hlutfjárhækkun félagsins Stakksbrautar 9 ehf. þann 31. desember 2013 og í öðru lagi við hlutfjárhækkun sama félags þann 15. febrúar 2014. Stefndi, Rögnvaldur, hafi staðfest að hlutfjárhækkunin væri að fullu greidd í báðum tilvikum, þegar ekkert raunverulegt endurgjald hafi komið til félagsins við hækkunina. Í þriðja lagi hafi þetta verið við samruna félaganna Stakksbrautar 9 ehf. og Sameinaðs Sílikons hf., í september 2014, en í samrunareikningi hafi óefnislegar eignir hins sameinaða félags verið verulega ofmetnar. Hafi stefndi, Rögnvaldur, þrátt fyrir þetta með yfirlýsingu sinni staðfest að samruninn myndi ekki rýra möguleika lánardrottna til fullnustu krafna sinna, og áritað endurskoðaðan samrunareikning félaganna. Stefnandi byggir á því að stefnda, Rögnvaldi, hafi átt að vera þetta ljóst við framangreinda atburði, eða í síðasta lagi við endurskoðun ársreiknings Sameinaðs Sílikons hf. vegna ársins 2014, en hann hafi endurskoðað ársreikninginn án fyrirvara.

Stefnandi byggir á því að a.m.k. hluti tjóns hans vegna vanefnda Sameinaðs Sílikons hf. á greiðslum á grundvelli verksamnings aðila hafi verið af völdum þessarar vanrækslu stefnda, Rögnvalds. Þannig hafi stefnandi tekið mið af síðasta endurskoðaða ársreikningi Sameinaðs Sílikons hf. sem lá fyrir og skráðu hlutafé Sameinaðs Sílikons hf. við mat á því hversu háar útistandandi kröfur stefnanda á hendur Sameinuðu Sílikoni hf. urðu áður en hann greip til þess lokaúrræðis að stöðva framkvæmdir. Hafi þannig útistandandi kröfur stefnanda á hendur Sameinuðu Sílikoni hf. numið 1.099.191.104 krónum við lok framkvæmda í júlí 2016. Samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi félagsins vegna ársins 2014, sem birtur var opinberlega 20. ágúst 2015, nam eigið fé þess 1.303.120.681 krónu. Þá hafi komið fram í vottorði frá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra í maí 2016 að hlutafé félagsins hefði frá þeim tíma verið hækkað í fjóra milljarða króna. Hafi stefnandi þess vegna mátt treysta því að félagið gæti staðið undir kröfum að fjárhæð a.m.k. 1,3 milljarðar króna.

Við innheimtu krafanna hafi komið í ljós að Sameinað Sílikon hf. gæti ekki staðið undir þeim og félagið að lokum verið lýst gjaldþrota. Í kjölfar gjaldþrotsins hafi einnig komið í ljós að endurskoðaðir ársreikningar gáfu ekki rétta mynd af fjárhagsstöðu félagsins, einkum vegna hinna þriggja fyrrnefndu atriða. Byggir stefnandi á því að hefði honum verið raunveruleg fjárhagsstaða félagsins ljós hefði hann stöðvað framkvæmdir mun fyrr og tjón hans þá ekki orðið jafnmikið af vanefndum félagsins og raunin varð. Þar sem endurskoðaður ársreikningur Sameinaðs Sílikons hf. vegna ársins 2014 og skráð hlutafé Sameinaðs Sílikons hf. í maí 2016 gáfu þannig ranga mynd af fjárhagsstöðu félagsins, einkum vegna hinna fyrrnefndu þriggja atriða sem stefndi, Rögnvaldur, beri ábyrgð á, geri stefnandi þá kröfu að viðurkennd verði óskipt skaðabótaskylda stefndu af þessum völdum. Því til samræmis sé í kröfugerð stefnanda gerð krafa um viðurkenningu bótaskyldu á því tjóni stefnanda sem af verksamningnum varð af völdum þess að endurskoðaður ársreikningur Sameinaðs Sílikons hf. vegna ársins 2014 gaf ekki rétta mynd af stöðu félagsins. Sé þannig á því byggt að það sé a.m.k. hluti þess tjóns sem stefnandi hafi orðið fyrir af verksamningnum.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefndu

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu ekki uppfyllt. Hvorki hafi verið sýnt fram á saknæma né ólögmæta háttsemi stefndu né heldur að nokkurt orsakasamband eða tengsl hafi verið á milli starfa stefndu og ætlað tjóns stefnanda. Þá er byggt á því að tjón stefnanda sé ósannað og að í öllu falli hafi eigin sök stefnanda valdið hinu meinta tjóni.

Stefndi byggir á því að stefndu hafi staðið rétt að staðfestingu á hækkun hlutafjár í Stakksbraut 9 ehf. á grundvelli þeirra upplýsinga sem þá lágu fyrir og að stefndu hafi staðið rétt að samruna þess félags við Sameinað Sílikon hf. og endurskoðun á ársreikningi sameinaðs félags 2014.

Stefnandi hafi nánast enga grein gert fyrir ætluðu tjóni sínu og tengslum þess við meinta háttsemi stefndu.

Byggt er á því að eigin sök stefnanda og viðskiptaákvæðanir hafi verið meginorsök ætlaðs tjóns stefnanda.

Um hækkun hlutafjár að fjárhæð 223.759.000 krónur vísa stefndu til þess að samkvæmt bókhaldi Stakksbrautar 9 ehf. hafi USI Holding B.V. átt kröfu að sömu fjárhæð á hendur félaginu. Hlutafjárhækkunin fólst í því að óumdeildum skuldum sem Stakksbraut 9 ehf. hefði ella þurft að greiða var breytt í hlutafé í félaginu. Stakksbraut 9 ehf. hafði tekið við peningagreiðslum sem mynduðu skuldina. Ársreikningur fyrir árið 2013 endurspeglir þessa tilhögun en þar komi fram að hlutafé að fjárhæð 223.759.000 krónur hafi verið innborgað og skuldir kreditfærðar. Þá hafi stefndu fengið staðfestingu á því að greiðslur hefðu verið inntar af hendi, sbr. yfirlýsingu fyrirvarsmanns USI Holding B.V., Magnúsar Ólafs Garðarssonar. Þá byggja stefndu á því að í staðfestingu á innborgun hlutafjár felist engin ábyrgð á því hvað verði um greiðsluna síðar. Það geri félagsstjórn og eftir atvikum framkvæmdastjóri. Auk þess sé það ekki óeðlilegt að félag sem vann að uppbyggingu stóriðjureksturs nýtti allt fjármagn jafnharðan. Skylda endurskoðanda lúti aðeins að staðfestingu innborgunar. Í hækkun hlutafjárins hafi eingöngu alist að hlutafé í Stakksbraut 9 ehf. að nafnvirði hækkaði um 223.759.000 krónur og skuldir félagsins lækkuðu um samsvarandi fjárhæð.

Um hækkun hlutafjár að fjárhæð 449.216.000 krónur benda stefndu á að staðfesting þeirra hafi aðeins lotið innborgun hlutafjár og það hafi stefndu ekki annað en staðfest á grundvelli millifærslna inn á bankareikning Stakksbrautar 9 ehf. Yfirlýsing stefndu hafi því staðist, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga um einkahlutafélög.

Um ætlaða hringrás greiðslna taka stefndu fram að útilokað hafi verið fyrir stefndu að gera sér grein fyrir ætluðum hringgreiðslum. Eðli starfsemi Stakksbrautar 9 ehf. hafi verið þannig að félagið nýtti sér jafnharðan allt fjárframlag til öflunar leyfa og annars undirbúnings fyrir kísilverksmiðju í Helguvík.

Stefndu mótmæla því sem röngu að stefndi Rögnvaldur hafi verið endurskoðandi Tomahawk Development á Íslandi ehf. Einnig er öllum ályktunum um ætlaða vitneskju stefndu um aðkomu Magnúsar Garðarssonar að hinum ýmsum félögum vísað á bug. Þá vísa stefndu til framburðar Friðbjörns Garðarssonar, lögmanns hjá skiptastjóra, þess efnis að útilokað sé að ytri endurskoðendur Sameinaðs Sílikons hf. hafi haft upplýsingar um erlenda bankareikninga Magnúsar Garðarssonar og félaga á hans á vegum.

Stefndu byggja á því að rétt hafi verið staðið að samruna Stakksbrautar 9 ehf. og Sameinaðs Sílikons hf. Yfirlýsing stefndu þann 1. september 2014 hafi verið rétt. Eftir samrunann hafi sameinað félag skuldað 1.488.649.295 krónur eða nákvæmlega sömu fjárhæð og Sameinað Sílikon hf. skuldaði eitt og sér fyrir samrunann.

Um tilurð óefnislegra eigna benda stefndu á að þeir höfðu engar forsendur til að efast um að útgjöld Stakksbrautar 9 ehf. væru vegna þróunar- og undirbúningskostnaðar. Stefndu benda á að hinar óefnislegu eignir mynduðust jafnt og þétt frá stofnun Stakksbrautar 9 ehf. og að hluta til áður en stefndu hófu störf. Stefndu drógu þar af leiðandi ekki í efa að eignfæra mætti kostnaðinn, sbr. m.a. 16. gr. ársreikningalaga nr. 3/2006. Þá fólu störf stefndu fyrir Stakksbraut 9 ehf., eins og áður segir, ekki í sér endurskoðun heldur einskorðuðust við faglega aðstoð.

Stefndu taka fram að áritun á samrunareikning hafi ekki verið um annað eða meira en það sem leiða megi af orðalagi hennar, þ.e. að sameiginlegi reikningurinn byggðist á árshlutareikningum beggja félaga og að drög að upphafsefnahagsreikningi væru í samræmi við samrunaefnahagsreikning og sýndu þær breytingar sem álitid væri að samruninn hefði í för með sér.

Stefndu byggja einnig á að ályktun stefnanda um handbært fé sé haldlaus. Tilgangur Stakksbrautar 9 ehf. hafi verið að standa straum af kostnaði vegna undirbúnings kísilverksmiðju. Félaginu hafi því verið lagðir til fjármunir eftir því hvernig kostnaður féll til. Eðli máls samkvæmt hafi Stakksbraut 9 ehf. því átt takmarkað lausafé þegar kom að samrunanum við Sameinað Sílikon hf. Það hafi ekki gefið tilefni til að draga í efa að sú staða væri raunveruleg eða gæfi rétta mynd af fjárhag Stakksbrautar 9 ehf.

Loks áréttastefndu að yfirlýsingum um áhrif samruna á möguleika lánardrottna á fullnustu krafna sé alls ekki ætlað að gilda til allrar framtíðar. Eðli máls samkvæmt geti þær aðeins tekið til stöðunnar við samrunann en ekki til síðari atvika og enn síður lýst stöðunni eitt eða jafnvel tvö ár fram í tímann. Kjarninn sé sá að samruninn skerti ekki möguleika lánardrottna á fullnustu.

Kjarninn í málatilbúnaði stefnanda sé sá að ársreikningur Sameinaðs Sílikons hf. 2014 hafi ekki gefið rétta mynd af fjárhag félagsins og af þeim sökum hafi stefnandi hætt störfum fyrir félagið síðar en ella á árinu 2016. Þessari málsástæðu mótmæla stefndu. Stefndu benda á að í ársreikningi Sameinaðs Sílikons hf. 2014 hafi verið gerð grein fyrir óefnislegum eignum, bæði í efnahagsreikningi og skýringum. Ársreikningurinn hafi því borið glögglega með sér að allur kostnaður við uppbyggingu kísilverksmiðjunnar væri eignfærður. Enn fremur var gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum varðandi bókfærslu og mat á óefnislegum eignum sem og hvernig farið væri með virðisrýrnun á óefnislegum eignum. Við skoðun stefndu á varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum Sameinaðs Sílikons hf. hafi engar vísbendingar komið fram um virðisrýrnun slíkra eigna í árslok 2014.

Stefndu byggja á að ársreikningur Sameinaðs Sílikons hf. hafi gefið rétta mynd af fjárhag félagsins jafnvel þótt fallist yrði á að myndun óefnislegra eigna Stakksbrautar 9 ehf., sem runnu inn í hið sameinaða félag, hafi verið annmörkum háð. Áréttastefndu að endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækið Deloitte framkvæmdi virðisrýrnunarpróf á varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum miðað við árslok 2016. Á þeim tíma voru heldur ekki vísbendingar um virðisrýrnun á óefnislegum eignum. Styður sú niðurstaða að eigið fé Sameinaðs Sílikons hf. hafi hvorki verið ofmetið í árslok 2014 né í árslok 2016 og að rekstur félagsins myndi endurheimta kostnað við óefnislegar eignir.

Stefndu ítreka mótmæli sín gegn staðhæfingu stefnanda um að eigið fé Sameinaðs Sílikons hf. hafi í raun verið neikvætt. Eigið fé sameinaðs félags í árslok 2014 hafi verið jákvætt um rúmlega 314,6 millj. króna jafnvel þótt öll fjárhæð óefnislegra eigna Stakksbrautar 9 ehf. við samruna félaganna hefði verið einskis virði og þar með allar eignir Stakksbrautar 9 ehf. og þær afskrifaðar við samrunann. Staðhæfing stefnanda standist því ekki.

Stefndu byggja einnig á því að stefnandi hafi ekki sýnt fram á tjón eða tengsl þess við ætlaða háttsemi stefndu. Telja stefndu ósannað að stefnandi hafi beðið tjón vegna áframhaldandi starfa sinna fyrir Sameinað Sílikon hf. og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfum stefnanda. Málatilbúnaður stefnanda gangi út á að félagið hafi hætt störfum fyrir Sameinað Sílikon hf. síðar en það hefði gert ella vegna ákveðinna upplýsinga um efnahag félagsins, einkum um óefnislegar eignir í árslok 2014. Í stefnu sé engin grein gerð fyrir því hvenær stefnandi hefði að öðrum kosti lagt niður störf, einungis sagt að það hefði orðið fyrr. Það hafi grundvallarþýðingu í málinu að gerð sé fullnægjandi grein fyrir beinum kostnaði stefnanda af áframhaldandi störfum fyrir Sameinað Sílikon hf. og jafnframt að færðar séu sönnur á að sá kostnaður nemi hærri fjárhæð en þeim greiðslum sem stefnandi fékk úr hendi félagsins á sama tímabili. Almenn skírskotun til gerðardóms 24. júlí 2017 nægi ekki.

Stefndi bendir á að stefnandi hafi fengið greidda rúmlega 3,2 milljarða króna frá þeirri stöðu sem birtist í ársreikningi 2014, þ.e. í lok þess árs, og þar til stefnandi lét af störfum um mitt árið 2016. Telja stefndu því ósannað að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna áframhaldandi starfa sinna fyrir Sameinað Sílikon hf.

Stefndi byggir einnig á því að engin tengsl séu á milli ætlaðs tjóns stefnanda og starfa stefndu. Ekkert orsakasamband sé á milli starfa stefndu fyrir Stakksbraut 9 ehf. og Sameinað Sílikon hf. og ætlaðs

tjóns stefnanda. Stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings að hann hafi lagt upplýsingar um fjárhagsstöðu Sameinaðs Sílikons hf. samkvæmt ársreikningi 2014 til grundvallar ákvörðun sinni um að halda áfram vinnu fyrir Sameinað Sílikon hf. á árinu 2016.

Krafa um orsakasamband felist ekki aðeins í því að tiltekin háttsemi þurfi að hafa leitt til tjóns heldur er gengið lengra og almennt gerð sú krafa að orsakasamband sé á milli háttsemi og alls þess tjóns sem tjónþoli verður fyrir. Tjónþola dugar því ekki að sýna fram á saknæma háttsemi ef það er ekki nákvæmlega sú háttsemi sem valdið hefur tjóni. Augljóst sé að hvorki staðfesting stefndu á hækkun hlutafjár í Stakksbraut 9 ehf. í september 2014 né heldur afmörkuð störf stefndu fyrir Sameinað Sílikon hf. vegna ársins 2014 hafi leitt til þess að stefnandi hélt áfram störfum fyrir Sameinað Sílikon hf. fram á mitt ár 2016, né hafi þau nokkra þýðingu í því sambandi. Störf stefndu hafi því ekki verið skilyrði ætlaðs tjóns stefnanda.

Sú aðferð sem almennt er notuð til þess að ákvarða tjón nefnist mismunarkenningin en í henni felst að tvær atburðarásir eru bornar saman og þannig lagt mat á hvort eða hve mikið tjón hefur orðið. Annars vegar sú atburðarás sem varð og hins vegar sú atburðarás sem hefði orðið ef ekki hefði komið til hinnar bótaskyldu háttsemi. Í máli þessu yrði þá sú atburðarás sem varð borin saman við þá atburðarás sem hefði orðið ef stefndu hefðu ekki staðfest hækkun hlutafjár í Stakksbraut 9 ehf. með þeim áhrifum sem hið hækkaða hlutfé hafði á efnahag hins sameinaða félags.

Áhrif umþrættra tveggja hlutafjárhækkana, sem stefnandi telur að hafi verið tilhæfulausar, á fjárhag Stakksbrautar 9 ehf. voru einungis þau að eini hluthafi félagsins eignaðist fleiri hluti í því. Stakksbraut 9 ehf. lagði ekki út fé vegna hækkunarinnar og skuldir félagsins jukust ekki. Þá raskaði hækkinun ekki eignarhlutföllum. Staða Stakksbrautar 9 ehf. til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart lánardrottum breyttist því ekki. Þá verði að líta til þess að stefnandi ákvað að ganga til verksamninga við Sameinað Sílikon hf., nýstofnað félag sem var algjörlega háð fjármögnun, bæði af hálfu hluthafa og lánardrottna. Þá viðskiptaákvörðun virðist stefnandi hafa tekið snemma árs 2014 og því óháð hlutfjárhækkunum í Stakksbraut 9 ehf. eða samruna Sameinaðs sílikons hf. við það félag. Stefnanda hafi verið ljóst að Sameinað sílikon hf. myndi engra tekna afla fyrir en í fyrsta lagi eftir verklok skv. verksamningi Sameinaðs sílikons hf. við stefnanda og að því gefnu að ekkert annað stæði í vegi fyrir gangsetningu kísilversins. Óvissuþættir voru fjölmargir og margháttadir.

Stefndu byggja á því að hvorugar upplýsingarnar, um skráð hlutfé eða óefnislega eign, eins og þær birtust í ársreikningi Sameinaðs sílikons hf. 2014, hafi gefið ranga mynd af stöðu félagsins í árslok 2014.

Stefndu benda á að fjárhæð hins hækkaða hlutafjár, 673.475.000 krónur að nafnvirði, hafi ekki myndað nema 17% af eignum sameinaðs félags í árslok 2014, sbr. bls. 4 ársreikningi 2014. Eiginfjárhlutfall félagsins, sem segir til um hversu mikið félag hefur skuldbætt sig, hafi orðið um 0,3 við samrunann, að teknu tilliti til fjárhæðarinnar, en hefði ella verið um 0,2. Fjárhæðin hafi því ekki haft afgerandi áhrif á eiginfjárstöðu félagsins og engu breytt um lausafjástöðu þess.

Enn fremur hækkaði hlutfé Sameinaðs Sílikons hf. umtalsvert á árinu 2015 og nam í árslok tæplega 4 milljörðum króna, eins og ársreikningur félagsins ber með sér. Árið 2016 hækkaði hlutfé Sameinaðs Sílikons hf. um tæplega 1,7 milljarða til viðbótar. Um er að ræða opinberar og aðgengilega upplýsingar í fyrirtækjaskrá RSK sem stefnandi virðist hafa verið meðvitaður um. Hin litlu áhrif hlutafjárhækkunarinnar vegna samrunans í september 2014 voru því fljót að þverra og voru enn síður til þess fallin að gefa ranga mynd af stöðu félagsins við síðara tímamark. Stefnu benda einnig á að eiginfjárhlutfall Sameinaðs sílikons hf. hækkaði á árinu 2015 í 0,4 án tillits til samrunans við Stakksbraut 9 ehf., sbr. ársreikning Sameinaðs sílikons hf. 2016.

Stefndu benda á að staða Sameinaðs Sílikons hf. samkvæmt ársreikningi 2014 hafi verið viðkvæm, algerlega óháð upplýsingum um hlutfé í árslok 2014 eða óefnislegum eignum, enda hvort tveggja gagnslaus mælikvarði á gjaldfærni. Aðrar og auðskiljanlegar upplýsingar ársreikningsins hafi verið mjög afgerandi um raunverulega stöðu Sameinaðs Sílikons hf.

Samkvæmt ársreikningi 2014 samanstóðu eignir Sameinaðs Sílikons hf. af mannvirkjum og tækjum á byggingarstigi, stofnkostnaði og bundnum bankareikningi. Eignir félagsins voru augljóslega ekki

tekjuberandi eins og sakir stóðu. Félagið hafði engar tekjur aðrar en óverulegar vaxtatekjur og án öruggar langtímafjármögnunar hefði félagið ekki verið í stakk búið til að standa undir frekari skuldbindingum.

Samkvæmt ársreikningi 2014 námu veltufjármunir Sameinaðs Sílikons hf. 162.069.356 krónum og þar af handbært fé 122.462.825 krónum. Skammtímaskuldir á sama tíma voru hins vegar 221.236.468 krónur eða 59.167.112 krónum meiri en veltufjármunir félagsins. Félagið átti með öðrum orðum ekki handbært fé eða veltufjármuni fyrir skuldum sínum. Stefnanda gat ekki dulist þessi augljósa og viðkvæma staða að teknu tilliti til umfangs kísilverkefnisins sem stefnandi var beinn þátttakandi í. Stefnu benda á að samkvæmt samrunaefnahagsreikningi 1. september 2014 hafi handbært fé Sameinaðs Sílikons hf. verið rúmlega 723 millj. króna en Stakksbrautar 9 ehf. 94.774 krónur þann dag. Handbært fé hafði því dregist saman um rúmlega 600 millj. krónur frá þeim tíma og fram að áramótum, á fjórum mánuðum, eða um ríflega 80%. Fjárþörf Sameinaðs Sílikons hf. var greinilega veruleg og aðkallandi. Félagið var langt frá því að líta út fyrir að vera „stöndugt og vel fjármagnað“ eins og haldið er fram í stefnu.

Í lið 8 í ársreikningnum 2014 var sérstaklega tekið fram að Sameinað Sílikon hf. hefði sett allar eignir að veði til tryggingar bankaláni. Félagið átti því engar óbundnar eignir. Stefnandi gat m.ö.o. ekki leitað fullnustu í einni einustu eign. Stefnandi hafi jafnframt mátt vita að óefnislegar eignir félagsins – eignfærður stofnkostnaður – gátu ekkert sagt til um gjaldfærni félagsins til framtíðar. Þar fyrir utan mynduðu þær aðeins um 20% af eignum félagsins. Í ársreikningnum var sérstaklega tekið fram að óefnislegar eignir sem hefðu ákveðinn nýtingartíma væru afskrifaðar á nýtingartíma en afskriftartími og afskriftaraðferð væru endurskoðuð a.m.k. í lok hvers fjárhagsárs. Það var því augljóst að óefnislegu eignirnar fólu fyrst og fremst í sér frestun á gjaldfærslu.

Skuldir Sameinaðs sílikons hf. samkvæmt ársreikningnum voru verulegar eða rúmlega 2,6 milljarðar kr. í árslok 2014. Veltufjárhlutfall (veltufjármunir/skammtímaskuldir), sem sýnir hversu líklegt félag er til að geta staðið undir skuldum næstu 12 mánuði, var minna en 1, sem sýndi að félagið átti ekki að óbreyttu fyrir skuldum sínum næsta árið.

Þrátt fyrir þessa augljósu og viðkvæmu stöðu heldur stefnandi því fram að hlutafjárhækkarnir í Stakksbraut 9 ehf. árið 2013 og 2014 og óefnislegar eignir sem runnu inn í Sameinað Sílikon hf. síðar það ár hafi riðið baggamuninn við mat stefnanda á því hvort framkvæmdum yrði fram haldið fyrir Sameinað Sílikon hf. árið 2016. Það standist enga skoðun. Útilokað sé að stefnandi hafi reitt sig á þær upplýsingar við framhald framkvæmda enda ekki útskýrt í stefnu hvernig eða að hvaða leyti þeir þættir bentu til þess að félagið væri betur í stakk búið til að efna verksamning við stefnanda árið 2016. Einu má gilda hvenær upplýsingarnar voru birtar þar sem þær lýstu stöðunni í árslok 2014 en ekki við síðara tímamark. Í stefnu er ýmist talað um árslok 2015 eða síðara tímamark. Stefnu benda á að lýstar kröfur við gjaldþrotaskipti á þb. Sameinaðs Sílikons hf. nema um 23 milljörðum króna og skuldbindingar félagsins við aðra en stefnanda eru því gífurlegar eða næstum tuttugufaldar. Ekkert orsakasamband sé því á milli starfa stefnu og ætlaðs tjóns stefnanda.

Stefnandi bendir á að í stefnu sé lýst fjölþættum ágreiningi á milli stefnanda og Sameinaðs Sílikons hf. um m.a. svokallað markgildi og aukið stálmagn. Af lýsingunni að dæma virðist sem ágreiningur þessi hafi bæði valdið töfum á verkinu og því að reikningar voru ekki greiddir á gjalddaga. Hvort tveggja hafi augljóslega haft áhrif á ákvarðanatöku stefnanda en sambengið við störf stefnu sé ekkert.

Stefnu benda einnig á að rökstuddur grunur er um ætlaðan fjárdrátt Magnúsar Garðarssonar, fyrrum fyrrsvarsmanns Sameinaðs Sílikons hf. Að mati Friðbjörns Garðarssonar lögmanns olli það gjaldþroti Sameinaðs Sílikons hf. þar sem enginn hefði verið tilbúinn að setja frekari fjármuni í verkefnið eftir að upp komst um ætlaðan fjárdrátt Magnúsar Garðarssonar. Trú Friðbjörns Garðarssonar var að Sameinuðu Sílikoni hf. hefði verið bjargað ef traust hefði ekki brostið með þeim hætti, sbr. það sem segir á bls. 24 í skýrslu Friðbjörns hjá skiptastjóra þb. Sameinaðs Sílikons hf.

Af framansögðu megi vera ljóst að orsakasamband skorti á milli háttsemi stefnu og meints tjóns stefnanda. Og í öllu falli sé hið meinta tjón alls ekki sennileg afleiðing af háttsemi stefnu. Orsök ætlaðs tjóns stefnanda virðist einfaldlega hafa verið ógjaldfærni Sameinaðs Sílikons hf. og þeir atburðir, m.a. ætlaður fjárdráttur, sem leiddu til þeirrar stöðu.

Jafnframt benda stefndu á að athugasemdaleaus áritun endurskoðanda á ársreikning fyrirtækis sé ekki í lagalegum skilningi fullkomin trygging fyrir því að sú mynd sem stjórnarmenn félags hafi dregið upp af efnahagsstöðu þess sé raunverulega rétt og heldur engin trygging fyrir því að hlutir geti ekki gerst í framtíðinni sem rýri verðmæti eigna og geri vænt verðmæti verðlaus. Að sama skapi er staðfesting á hækku hlutafjár ekki óvefengjanleg sönnun á greiðslu fyrir hlutafé. Það geta auðvitað orðið mistök og þá getur viðkomandi félag eða aðrir farið fram á leiðréttingu. Hvort tveggja í hlutaskrá félagsins sjálfs og fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra.

Stefndu byggja einnig á því að jafnvel þótt stefnanda takist að sýna fram á eitthvert sambengi á milli starfa þeirra og ætlaðs tjóns stefnanda nægi það heldur ekki til stofnunar bótaábyrgðar. Bótaábyrgð takmarkist við það tjón sem sé sennileg afleiðing af skaðlegri háttsemi. Hvernig sem á málið sé litið hafi ákvarðanir stefnanda á árinu 2016 um áframhaldandi störf fyrir Sameinað Sílikon hf. á grundvelli starfa stefndu vegna ársins 2014 hvorki verið fyrirsjáanlegar afleiðingar þeirra starfa né sé það eðlilegt eða sanngjarnt að gera stefndu ábyrga fyrir þeim ákvörðunum stefnanda.

Stefndu benda á að þrátt fyrir tilefni sé engin grein gerð fyrir þætti stefnanda eða stjórnenda hans í umfjöllun um hið ætlaða tjón. Hvaða mat lagði stefnandi á gjaldfærni Sameinaðs Sílikons hf. við gerð verksamninga við stefnanda, hverra trygginga aflaði stefnandi, hvernig lagði stefnandi mat á gjaldfærni Sameinaðs Sílikons hf. eftir því sem verkinu vatt fram, hvers vegna horfði stefnandi fram hjá eða brást ekki við augljósum og afgerandi upplýsingum um viðkvæma stöðu Sameinaðs Sílikons hf. samkvæmt ársreikningi 2014? Öllum þessum spurningum og fleiri sé ósvarað. Stefnandi verði sjálfur að bera ábyrgð á ætluðu tjóni sínu sem hlaust af ákvörðunum hans um áframhaldandi störf fyrir Sameinað Sílikon hf.

IV

Krafa stefnanda um viðurkenningu á bótaskyldu byggist á því að fjárhagsstaða Sameinaðs Sílikons hf. hafi verið önnur og verri en fram hafi komið í ársreikningi vegna ársins 2014 og að skráð hlutafé félagsins hafi verið herra en það átti að vera. Ástæður þessa sé annars vegar að rekja til tveggja tilkynninga stefnda, Rögnvaldar Dofra Péturssonar, löggilts endurskoðanda, um hlutafjárhækkanir í einkahlutafélaginu Stakksbraut 9, sem voru tilkynntar til fyrirtækjaskrár 23. september 2014. Hins vegar til áritunar endurskoðandans á samrunareikning Stakksbrautar 9 ehf. og Sameinaðs Sílikons hf. (nú þb. Sameinaðs Sílikons hf.) sem tilkynnt var til fyrirtækjaskrár 24. september 2014, þar sem ófnislegar eignir hafi verið verulega ofmetnar, en hann hafi þrátt fyrir það staðfest að samruninn myndi ekki rýra möguleika lánardrottna til fullnustu krafna sinna og áritað ársreikning fyrir árið 2014 án fyrirvara.

Stefnandi byggir kröfu sína um viðurkenningu á bótaskyldu stefndu nánar á því að stefndi, Rögnvaldur Dofri, hafi ranglega staðfest að greindar hlutfjárhækkanir hafi verið greiddar. Með því hafi hann sýnt af sér saknæma vanrækslu í starfi sem hafi leitt til þess að raunveruleg fjárhagsstaða Sameinaðs Sílikons hf. hafi verið allt önnur en endurskoðaðir ársreikningar þess gáfu til kynna. Þetta hafi stefnda, Rögnvaldi Dofra, átt að vera ljóst í síðasta lagi við endurskoðun ársreiknings félagsins vegna ársins 2014. Byggir stefnandi á því að a.m.k. hluti tjóns hans vegna vanefnda Sameinaðs Sílikons hf. á greiðslum á grundvelli verksamnings aðila hafi verið af völdum þessarar vanrækslu stefnda, Rögnvalds. Stefnandi byggir á því að hefði honum verið ljós raunveruleg fjárhagsstaða Sameinaðs Sílikons hf. hefði hann stöðvað framkvæmdir mun fyrr og tjón hans hefði þá ekki orðið jafnmikið af vanefndum félagsins og raunin varð.

Stefndu hafna bótaskyldu og byggja á því að vinna þeirra hafi falist í staðfestingu á því að greiðslur fyrir hlutafé hefðu borist í Stakksbraut 9 ehf. og það hafi þeir gert á grundvelli upplýsinga um millifærslur. Hvað síðar hafi orðið um fjármunina geti ekki verið á ábyrgð stefndu. Þá hafi þeir staðið rétt að samruna Stakksbrautar 9 ehf. og Sameinaðs Sílikons hf. og áritun á ársreikning sameinaðs félags 2014.

Fyrri hlutafjárhækkunin var samþykkt á hluthafafundi Stakksbrautar 9 ehf. þann 31. desember 2013, þar sem ákveðið var að auka hlutafé í félaginu um 223.759.000 hluti eða úr 500.000 krónum að nafnverði í 224.259.000 krónur að nafnverði. Eini hluthafinn í félaginu, hollenska félagið USI Holding B.V., skráði sig fyrir þeirri hækkun og hann skyldi greiða fyrir þá hækkun með skuldajöfnun á

viðskiptareikningi sínum á genginu einn, eða króna á móti krónu, í samræmi við skýrslu stjórnar og yfirlýsingu endurskoðanda félagsins frá 22. desember 2013.

Þegar stefndi, Rögnvaldur Dofri, staðfesti hækkunina lá fyrir ársreikningur Stakksbrautar 9 ehf. fyrir árið 2013. Einnig höfðu verið lögð fram staðfestingar og gögn, sem sýndu að skuldir fyrir sömu fjárhæð hefðu verið kreditfærðar. Að þessu virtu verður ekki á það fallist að stefndi, Rögnvaldur Dofri, sem þekkti tengsl hluthafa og stjórna umræddra félaga, hefði haft sérstakt tilefni til að efast um tilurð og tilvist inneignar eina hluthafans, USI Holding B.V., hjá Stakksbraut 9 ehf., sem stjórn félagsins hafði staðfest að hann ætti. Er því hafnað þeirri málsástæðu stefnanda að stefndi, Rögnvaldur Dofri, hafi sýnt af sér sagnæma háttsemi með tilkynningu sinni til fyrirtækjaskrár um greinda hlutafjárhækkun eða með staðfestingu sinni á inneign eina hluthafa félagsins.

Víkur þá næst að tilkynningu stefnda, Rögnvaldar Dofra, til fyrirtækjaskrár 23. september 2014 um hækkun hlutafjár að fjárhæð 449.216.000 krónur í Stakksbraut 9 ehf., eða úr 224.259.000 krónum að nafnverði í 673.475.000 krónum að nafnverði. Eini hluthafi félagsins, USI Holding B.V., hafði skráð sig fyrir allri hlutafjárukningunni og í tilkynningu stefnda, Rögnvaldar Dofra, um hækkunina kemur fram að hún hafi verið greidd með peningum. Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að umræddar greiðslur bárust inn á bankareikning Stakksbrautar 9 ehf. og hafði stefndi, Rögnvaldur Dofri, eins og áður greinir, ekki ástæðu til að ætla annað en að greiðslur hefðu í raun verið inntar af hendi fyrir hönd hluthafans eins og millifærslur á bankareikningi báru með sér. Ráðstöfun félagsins jafnskjótt á þeim fjármunum eftir innborgun og áður en tilkynning stefnda, Rögnvaldar Dofra, barst fyrirtækjaskrá gat ekki verið á ábyrgð stefnda, Rögnvaldar, hvað sem líður réttmæti hennar að öðru leyti. Með vísan til þess er hafnað þeirri málsástæðu stefnanda að stefndi hafi sýnt af sér sagnæma háttsemi þegar hann sendi tilkynningu til fyrirtækjaskrár um greinda hlutafjárukningu.

Stefnandi byggir einnig á því að ranglega hafi verið staðið að samruna Stakksbrautar 9 ehf. og Sameinaðs Sílikons hf., sem tilkynntur var til fyrirtækjaskrár 24. september 2014. Er á því byggt að stefndi, Rögnvaldur Dofri, hafi sýnt af sér sagnæma háttsemi með því að taka þátt í því að meta of hátt í samrunaefnahagsreikningi fyrir Stakksbraut 9 ehf. og Sameinað Sílikon ehf. ófniðlegar eignir hins sameinaða félags. Hafi stefndi, Rögnvaldur, með yfirlýsingu sinni staðfest að samruninn myndi ekki rýra möguleika lánardrottna til fullnustu krafna sinna og áritað samrunareikning félaganna sem endurskoðaðan. Megi rekja hluta tjóns stefnanda til þessarar vanrækslu stefnda.

Í áritun endurskoðandans á sameiginlegan efnahagsreikning félaganna 24. september 2014 segir svo:

Undirritaður endurskoðandi hefur endurskoðað og sannreynt að sameiginlegur efnahagsreikningur Sameinaðs Sílikons hf. og Stakksbrautar 9 ehf. hinn 1. september 2014 byggir á árshlutareikningum félaganna fyrir tímabilið 1. janúar 2014 til 31. ágúst 2014. Jafnframt hefur undirritaður endurskoðandi endurskoðað og sannreynt að drög að upphafsefnahagsreikningi Sameinaðs Sílikons hf. þann 1. september 2014 eru í samræmi við samrunaefnahagsreikninginn og sýnir þær breytingar sem álitid er að samruninn hafi í för með sér.

Samkvæmt 1. mgr. 121. gr. laga nr. 2/1995 hvílir sú ábyrgð á félagsstjórn í hverju félagi að semja greinargerð um samrunaáætlunina þar sem hún er skýrð og rökstudd. Hún skal sérstaklega fjalla um efnahagslegar og lagalegar ástæður til grundvallar samrunaáætluninni, svo og ákvörðun endurgjalds fyrir hlutina og þau sérstöku vandkvæði sem tengjast ákvörðuninni. Skal félagsstjórn sjá til þess að henni fylgi endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur sem sýni allar eignir og skuldir í hverju félaganna, þær breytingar sem álitid er að samruninn muni hafa í för með sér og drög að upphafsefnahagsreikningi yfirtökufélagsins.

Óumdeilt er að stefndi endurskoðaði ekki samrunaefnahagsreikninginn. Hafa stefndu bent á að þrátt fyrir orðalag ákvæðis 2. mgr. 96. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og 121. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög hafi fyrirtækjaskrá engu að síður tekið áritanir með því orðalagi sem stefndi, Rögnvaldur Dofri, notaði umrætt sinn gildar og jafnvel áritanir um að reikningur hefði ekki verið endurskoðaður.

Ljóst er að umrædd framkvæmd sem stefndi, Rögnvaldur Dofri, hefur lýst að viðhöfð hafi verið við áritun og gerð samrunaefnahagsreikninga er hvorki í samræmi við orðalag fyrrgreindra ákvæða laga

nr. 138/1994 né laga nr. 2/1995. Dómurinn, sem skipaður er sérfróðum meðdómanda, telur ljóst að ábyrgðin og skyldan til að sjá til þess að samrunaáætlun fylgdi endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur hafi hvílt á stjórn félagsins. Samt verður ekki litið fram hjá því að stefndi, Rögnvaldur Dofri, sem er löggiltur endurskoðandi, gaf með áritun sinni ranglega til kynna að samrunaefnahagsreikningurinn hefði verið endurskoðaður og með því hefur hann sýnt af sér saknæma og ólöglega háttsemi. Sjónarmið stefndu um að framkvæmdin sé önnur en lög mæla fyrir um breytir ekki þessari niðurstöðu dómsins.

Kemur þá næst til skoðunar hvort meint tjón stefnanda megi rekja til fyrrgreindrar háttsemi stefnda, Rögnvaldar Dofra. Stefnandi telur ljóst að svo sé. Vísar stefnandi til þess að útistandandi kröfur hans á hendur Sameinuðu Sílikoni hf. í júlí 2016 hafi numið 1.099.191.104 krónum. Samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi félagsins vegna ársins 2014 hafi eigið fé félagsins numið 1.303.120.681 krónu. Þá bendir stefnandi á að samkvæmt vottorði frá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra í maí 2016 hafi hlutafé Sameinaðs Sílikon hf. auk þess verið hækkað í fjóra milljarða króna á árinu 2015 og því hafi stefnandi mátt treysta því að félagið gæti staðið undir kröfum að fjárhæð a.m.k. 1,3 milljarðar króna. Við innheimtu krafanna hafi síðan komið í ljós að félagið gat ekki staðið undir þeim og í kjölfarið hafi það verið lýst gjaldþrota. Byggir stefnandi á því að hefði honum verið ljós raunveruleg fjárhagsstaða félagsins hefði hann stöðvað framkvæmdir mun fyrr og tjón hans hefði þá ekki orðið jafnmikið af vanefndum félagsins. Endurskoðaður ársreikningur Sameinaðs Sílikons hf. vegna ársins 2014 og skráð hlutafé félagsins í maí 2016 hafi þannig gefið ranga mynd af fjárhagsstöðu þess, sem stefndi, Rögnvaldur, beri ábyrgð á.

Í ársreikningi Sameinaðs Sílikons hf. árið 2014 var gerð grein fyrir óefnislegum eignum en um var að ræða ýmsan undirbúnings- og stofnkostnað sem ekki var heimfæranlegur á verksmiðjuhús eða framleiðslutæki og var þessi kostnaður færður til eignar á kostnaðarverði. Ársreikningurinn bar með sér að allur kostnaður við uppbyggingu verksmiðjunnar hefði verið eignfærður en alls voru varanlegir rekstrarfjármunir í árslok bókfærðir á um 3,1 milljarð króna. Þar af voru óefnislegar eignir (stofnkostnaður) bókfærðar á um 1,4 milljarða króna. Þá liggur fyrir að endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækið Deloitte gerði virðisrýrnunarpróf á varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum miðað við árslok 2016, þar sem engar vísbendingar komu fram um virðisrýrnun. Er því ósannað að óefnislegar eignir hafi verið metnar of hátt í ársreikningi Sameinaðs Sílikons hf. árið 2014 og skapað þannig óraunhæfar væntingar.

Samkvæmt gögnum málsins var hlutafé Sameinaðs Sílikons hf. hækkað á árinu 2015 og nam í árslok um 4 milljörðum króna og á árinu 2016 var það hækkað um tæpa 1,7 milljarða króna til viðbótar. Samkvæmt ársreikningi 2015 voru heildareignir félagsins 9,4 milljarðar króna og þar af var handbært fé rúmlega 400 milljónir. Skuldir í árslok voru 5,3 milljarðar króna og eigið fé 4,2 milljarðar. Þá er fram komið að stefnandi fékk greidda rúmlega 3,2 milljarða króna vegna verksamnings við Sameinað Sílikon hf. frá þeirri stöðu sem birtist í ársreikningi 2014 og þar til stefnandi lét af störfum um mitt árið 2016, þar af námu greiðslur á árinu 2016 um 2 milljörðum króna.

Í skýrslu forstjóra stefnanda fyrir dóminum kom enn fremur fram að stefnanda hefði verið kunnugt um það sem fram hefði komið í ársreikningi 2014 og að allar eignir félagsins hefðu verið veðsettar Arion banka. Þá hefði staða skammtímaskulda samkvæmt ársreikningnum, sem voru hærri en handbært fé, ekki valdið stefnanda áhyggjum þar sem verksmiðjan hefði verið í byggingu á þessum tíma. Auk þess hefði efnahagsreikningur Sameinaðs Sílikons hf. breyst á milli daga með framlagningu á nýju hlutafé, láni eða öðru. „Verkefnið var í undirbúnings- og þetta hafi verið ársreikningur 2014.“ Þá hefði fjármögnun Arion banka haft mikil áhrif á ákvörðun félagsins um að halda áfram störfum sínum við byggingu verksmiðjunnar. Forstjórinn tók einnig fram að félagið hefði verið með greiðslutryggingu á árinu 2016 sem var að renna út og að taka hefði þurft ákvörðun um það hvort halda ætti áfram vinnu við verkefnið en fram að því hefði þetta gengið alveg ágætlega. Það hefði verið álitamál sem ekki hefði verið samkomulag um að leysa og stefnandi hefði séð að það var töluvert af atriðum sem átti eftir að leysa og þeir hefðu viljað fá vissu fyrir því að þeir enduðu ekki þar sem þeir hefðu að lokum gert. Þá hefði stefnandi litið til hlutafjárhækkunar upp á 4 milljarða á árinu 2015 sem merki um að málin væru á réttri leið. Forstjórinn tók

fram að ekki hefði verið kallað eftir árshlutareikningum fyrir árið 2015, en hann gæti ekki svarað því hvort kallað hefði verið eftir ársreikningi 2015 frá Sameinuðu Sílikoni hf. sem lá fyrir 29. febrúar 2016.

Af framanrituðu þykir ljóst að tjón stefnanda verður hvorki rakið til þess að óefnislegar eignir hafi verið metnar of hátt né að tjónið sé að rekja til framsetningar ársreikninga fyrir félögin.

Með skírskotun til alls þess er að framan greinir verður ekki talið að skýringar á meintu tjóni stefnanda sé að rekja til staðfestinga stefnda, Rögnvalds Dofra, á innborguðu hlutafé í Stakksbraut 9 ehf. 31. desember 2013 og 15. febrúar 2014, samtals að fjárhæð 673.475.000 krónur, eða til áritunar hans á sameiginlegan efnahagsreikning félaganna Stakksbrautar 9 ehf. og Sameinaðs Sílikons 24. september 2014 og endurskoðunar hans á ársreikningi Sameinaðs Sílikons hf. árið 2014. Er það niðurstaða dómsins að sýkna beri stefndu, Ernst & Young ehf. og Rögnvald Dofra Pétursson, af öllum kröfum stefnanda, Íslenskra aðalverktaka hf. í máli þessu.

Eftir úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefndu sameiginlega 2.000.000 króna í málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til frávísunarþáttar málsins.

Halldór Brynjar Halldórsson lögmaður flutti málið af hálfu stefnanda.

Grétar Dór Sigurðsson lögmaður flutti málið af hálfu stefndu.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Meðdómendur eru Björn L. Bergsson héraðsdómari og Lárus Finnbogason, löggiltur endurskoðandi.

Dómsorð:

Stefndu, Ernst & Young ehf. og Rögnvaldur Dofri Pétursson, eru sýknaðir af dómkröfum stefnanda, Íslenskra aðalverktaka hf.

Stefnanda ber að greiða stefndu 2.000.000 króna í málskostnað.